

## Ársskýrsla 2012



*Frá írskum dögum, sögubíllinn Æringi og Sóla sögukona í heimsókn. Ljós. Nanna Þóra Áskelsdóttir*

### Lykiltölur 2012:

Útlánuð gögn 63.117 (65.577)\*

Útlán á íbúa: 9,51 (9,95) safngögn.

Millisafnalán: 588 (628) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2012: 1.783 (1.792). Þriggja ára tímabil: 3.104 (3.146) lánþegar.

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 19 (12) heimsóknir ; 298 (160) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 4. bekkur: 8 ( 9 ) heimsóknir ; 71 (110) börn ; 10 bekkur: 5 heimsóknir, 93 nemendur.

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 8 (4) heimsóknir; 186 (100) börn

Þjónustutími: 43/40 (43/40) klst. á viku /þjónustudagar: 278 (273)

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið, áætlað)

Svöfusalur: 10 (5) nemendur sækja reglulega fjarfundi ; 32 nemendur tóku próf ; fjöldi prófa : 183 (175)

Bókin heim og útlán á Höfða: 2.159 (1.094)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2012: 79.505 (75.152)

Starfsfólk: 6 (6) manns 5.05 (5.25) stöðugildi

Íbúafjöldi 1. des. 2012: 6.636 (6.590)

\*(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

### Stjórn safnsins og starfsfólk

**Bókasafn Akraness** er almenningsbókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Starfar samvæmt lögum um almenningsbókasöfn, lög nr. 36/1997. Ný bókasafnalög nr. 150/2012 tóku gildi 1. janúar 2013.

Bókasafnið heyrir undir Akranesstofu í skipuriti Akraneskaupstaðar. Verkefnastjóri Akranesstofu er Tómas Guðmundsson. Formaður stjórnar Akranesstofu er Sveinn Kristinsson. Aðrir í stjórn Akranesstofu eru: Björn Guðmundsson, Dagný Jónsdóttir, Þorgeir Jósefsson og Hjördís Garðarsdóttir. Um málefni bókasafns og skjalasafns var fjallað á 4 fundum. Í lok ársins lá fyrir tillaga *Starfshóps um breytingu á skipuriti Akraneskaupstaðar*, sem felur í sér m.a. að Akranesstofa verður lögð niður.

### Starfsfólk

Við bókasafnið starfa 6 starfsmenn í 5,05 (5,05) stöðuhlutfalli. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi, einn starfsmaður í 95% starfi og einn starfsmaður í 10% starfi yfir vetrarmánuðina.

Fastráðið starfsfólk, bókaverðir: Ásta Björnsdóttir, Erla Dís Sigurjónsdóttir (frá 15. mars héraðsskjalavörður) og Helgi Steindal. Ólöf Eir Jónsdóttir var ráðin í sumarafleysingar og laugardagsstarf (10%) yfir vetrarmánuðina. Deildarstjóri: Nanna Þóra Áskelsdóttir. Nanna Þóra hafði auk starfa í bókasafni, yfirumsjón með Ljósmyndasafni Akraness í fjarveru Gerðar J. Jóhannsdóttur héraðsskjalavarðar (barneignafri). Menntunarstig er hátt í bókasafni og skjalasafni. Þrír starfsmenn eru háskólamenntaðir en aðrir starfsmenn eru með stúdentspróf og mikla framhaldsmenntun. Starfsmannafundir voru 7 (6) á árinu og eru sameiginlegir hjá bókasafni og skjalasafni. Bæjarbókavörður: Halldóra Jónsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.

Bókasafnið fékk úthlutað atvinnuátaksverkefni, *Vinnandi vegur* og var Geirlaug Jóna Rafnsdóttir ráðin í fullt starf í 6 mánuði, við frágangsvinnu í Björnssafni. Er verkefninu lauk var Geirlaug ráðin í afleysingu bókavarðar. Freyr Karlsson kemur einu sinni í viku, 2 klst. í senn, yfir vetrarmánuðina. Hann sinnir ýmsum tilfallandi störfum, úti sem inni. Hann kemur frá Fjöliðjunni, vinnu og hæfingarstað. Bókasafnið tók þátt í verkefni með Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Talþjálfun fyrir útlendinga, á vormánuðum. Fyrirtækið Hreint ehf. sér um ræstingu á húsnæðinu.

Starfsfólk fór í eina menningarferð á árinu. Farið var í heimsókn til Bókasafns Árborgar á Selfossi og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Þar var tekið vel á móti okkur og söfnin skoðuð undir góðri leiðsögn Heiðrúnar Dóru Eyvindardóttur forsöðumans bókasafnsins og Þorsteins Tryggva Mássonar héraðsskjalavarðar. Starfsfólk tók þátt í „Hjólað í vinnuna“, eins og mörg undanfarin ár.



### Endurmenntun

Starfsfólk sótti endurmenntun til Landskerfis bókasafna, Kerfiskeyrslur og Nýliðanámskeið. Helgi Steindal sótti námskeið í bókbandi. Starfsfólk sótti ráðstefnu um *Rafbækur og bókasöfn* (HS) *Landsfund Upplýsingu- Gagn og gaman* (HJ, ÁB, HS, GJR), *Farskóla safnamanna á Akureyri* (NPÁ). Bæjarbókavörður sótti Vorfund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna í Hveragerði og situr í stjórn SFA. Starfsfólk sótti Landsfund Upplýsingu, sem haldinn var í Turninum Kópavogi, 27.-28. sept.


### Útlán og stafræn þjónusta

Útlánuð safngögn voru samtals **63.117** (65.577). Samdráttur milli ára um 3,89 % ( 2.460). Útlán á Höfða voru 1152 ( 649 ) safngögn. Bókin heim lánaði 1007 (445 ) safngögn. Koffort - farandbókasafn í leikskóla lánaði 940 bækur.

Útlán og endurlán eftir efnistegund árið 2012	
Snælda/hljóðbók	199
Bók	52.271
CD Geisladiskur	234
Geisladiskur/hljóðbók	1.997
Tölvugögn	107
DVD Mynddiskur	2.062
Tímaritshefti	5.425
Gagnasett	531
Nótur, spil, tæki	16
VIDEO Myndband	275
<b>Samtals:</b>	<b>63.117</b>

Stærstu útlánamánuðir ársins eru júlí og ágúst, eins og undanfarin ár, sjá næstu töflu.

### Samanburður útlána eftir mánuðum, árin 2008-2012.



### Stafræn þjónusta Bókasafns Akraness

Bókasafn Akraness tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og

greinasöfnum um vefinn **hvar.is**. 1. jan. 2013 voru Íslendingar 321.857 og Akurnesingar 6.636 eða tæplega 2,06 % þjóðarinnar.

Á **hvar.is** sóttu landsmenn alls (tölur v/ 2012)\* (1.096.540) greinar eða gagnasöfn í fullri lengd (Morgunblaðið er ekki talið hér). Þar af var hlutfall íbúa Akraness (tölur v/ 2012) (22.588) greinar. Í Morgunblaðsvefinn sóttu landsmenn alls (tölur v/ 2012) (2.942.890) greinar í fullri lengd. Þar af var hlutfall íbúa Akraness áætlað (vantar 2012) (60.646) greinar.\*Notkunartölur frá árinu 2012 ekki komnar, þegar skýrslan er samín.

### Samstarf safna í héraði

Akurnesingar og Borgnesingar geta litið á almenningsbókasöfnin á Akranesi og í Borgarnesi, sem sín heimasöfn og sótt sér bækur, á eign vegum eða með millisafnalánnum. Sama gildir með skil á bókum. Lánþegaskírteinin gilda á báðum stöðum. Samstarfssamningur er í gildi milli sveitarfélaganna og hefur verið undanfarin ár.

Útlán Akranes Borgarnes 2012	Útlán	Lánþegar
Akurnesingar fá lánað frá Borgarnesi	433 (810)	31 (35)
Borgnesingar fá lánað frá Akranesi	516 (492)	31 (23)

## Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2012 voru 40.138 (37.662)

Heildareign eintaka í árslok 2012 var 79.505 (75.152) Árið 2012 voru 1220 (1268) eintök keypt af útgáfu ársins 2012. 5035 (4186) eintök voru tengd á árinu. Mikil fjölgun tengdra eintaka á sér skýringu úr Björnssafni. Afskrifuð eintök á árinu 1.128 (1.912).

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2012	
Bók BOOK	55.979
Gagnasett KIT	171
Geisladiskur CD	809
Geisladiskur/hljóðbók CDSPO	766
Hljómplata LPREC	36
Innb. tímarit ISSBD	1.847
Kort MAP	17
Myndband VIDEO	525
Mynddiskur DVD	836
Nótur MUSIC	93
Snælda AUDIO	155
Snælda/hljóðbók AUDSP	93
Spil CARD	5
Tímaritshefti ISSUE	18.116
Tæki EQUIP	6
Tölvugögn DIGIT	51
	<b>79.505</b>

### Björnssafn.

Bókasafnið hafði lausráðinn starfsmann til aðstoðar við flokkun bókgjafarinnar, auk þess sem Jóhanna Jónsdóttir Listasetrinu Kirkjuholvi kom að þeirri vinnu hluta ársins. Bókasafns-og

upplýsingafræðingar sáu um að skrá og tengja gjöfina í Gegni. Gengið var frá hluta af gjafarinnar í fjargeymslu en annað sett í innanhússgeymslu eða í útlán. Í árslok voru skráð í Gegni 1.984 eintök í Björnssafn. Eintakafjöldi bóka/ fjöldi tímaritatitla í Björnssafn í árslok : 9.650.


### Lánþegar

Í árslok voru virkir lánþegar 1.783 (1.792). Nýir lánþegar á árinu voru 330, 149 karlar og 181 kona. Flestir lánþegar eiga lögheimili í póstnúmeri 300, Akranes eða 1.565 ; í 301 Akranes dreifbýli eru 104. Aðrir dreifast á önnur póstnúmer lögheimilis á landinu.

Virkir lánþegar, síðastliðin þrjú ár til ársloka 2012 voru 3.184 (3.146). Flestir búa á Akranesi, 2.899 en í Akranes dreifbýli búa 176. Konur eru í meirihluta viðskiptavina bókasafnins eins og sjá má á töflunni hér:

Lánþegafjöldi eftir fæðingaráratug í árslok 2012		
Áratugur	kk	kvk
1910-1919	1	0
1920-1929	6	15
1930-1939	40	79
1940-1949	46	106
1950-1959	43	158
1960-1969	64	144
1970-1979	45	193
1980-1989	41	132
1990-1999	121	168
2000-2009	130	195
2010-2019	4	4
<b>Samtals:</b>	<b>541</b>	<b>1.194</b>

Taflan **Lánþegar eftir lánþegategund** sýnir að börn eru 30% prósetnt af skráðum lánþegum.



Gestakomur ekki taldar, nema á laugardögum en þá koma að jafnaði 40 gestir, frá kl 11 – 14. Áætlaður gestafjöldi allt árið: 64.000 ( stuðst við upplýsingar úr aðgangsstýrikerfi ).

### Þjónusta

Bókasafnið sér um bókasafnsþjónustu við heimilisfólk á Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili. Bókavörður fer tvisvar í mánuði og lánað bækur, hljóðbækur, tímarit ofl.. Á Höfða notfærðu sér 10 (10) einstaklingar þjónustuna og fengu að láni 1152 (649) safngögn yfir árið. Auk þess er lánað afþreyingarefni til stofnunarinnar.

**Bókin heim** lánaði 1007 (445) safngögn. Að jafnaði notfærðu sér sex lánþegar þjónustuna í mánuði. **Skípalán.** Ein skípsáhöfn (1) sækir sér reglulega bækur að láni.

### Námsverið Svöfusalur

Í Svöfusal stunda hópar nemenda fjarnám frá Háskólanum á Akureyri. Kennsla staðar- og fjarnema fer fram samtímis með notkun gagnvirks myndfundabúnaðar og kennarar nýta einnig rafræn kennslukerfi og tölvusamskipti. Fjarnám í hjúkrunarfræði hefur verið í boði við Háskólann á Akureyri frá árinu 1998 og er hópurinn sem nú er við nám í Svöfusal, 3ja árs nemi í Hjúkrun, er annar hópur hjúkrunarnema sem stundar þar nám. Hefur hópurinn „förgang“ að aðgangi í námsverinu. Aðrir fjarnámsnemendur frá Háskólanum á Akureyri, á hug- og félagsvísindasviði og viðskipta- og raunvísindasviðs sitja tíma þegar laust er.

Auk þess að sitja kennslustundir taka nemendur próf í námsverinu. Hópurinn sem tekur próf er mun stærri en þeir sem sitja tíma og eru frá Háskólanum á Bifröst, Keili, Háskólanum á Hólum auk Háskólans á Akureyri. Fjarlægð frá prófstað ræður hverjir geta óskað eftir að taka próf í námsverinu.

Samtals voru próftökur árið 2012 183 (175), sem 32 (29) nemendur tóku.

Bókasafnið styður að mörgu leyti vel við þessa starfsemi, sem unnin er í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Safnið hefur langan opnunartíma og fært starfsfólk í upplýsinga- og tæknimálum. Um 20 manns hafa aðgangskort að Svöfusal til lestar og geta nýtt sér aðstöðuna óháð afgreiðslutíma safnsins.

### Barnastarf

#### Safnfræðsla

Samkvæmt venju var nemendum í 4. bekk grunnskólana, Brekkubæjarskóla og Grundaskóla boðið í heimsókn og fengu nemendur kynningu um starfsemi safnsins. Að þessu sinni komu 71 (100) nemandi í 8 (8) heimsóknum. Unglingar í 10. bekk komu í safnfræðslu, 93 nem. í 5 heimsóknum. Safnkynningum fyrir nemendur á unglingsstigi var mjög vel tekið.

Börn á Leikjanámskeiðum komu í 4 heimsóknir yfir sumarið og tók Þóra Grímsdóttir sögukona á mótí þeim og sagði sögur. Fjöldi barna 100 (140). Samstarf við Þóru sögukonu er ekki nýtt af nálinni og er alltaf jafn farsælt. Leikskólabörn koma einnig í skipulagðar heimsóknir á bókasafnið. Alls komu 298 leikskólabörn í 19 heimsóknum. Í skipulögðum heimsóknum er boðið upp á sögustund og bókaspjall auk umræðu um meðferð bóka og um reglur er gilda á bókasafninu.

Safnfræðsla	2012	2011
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	164	110
Leikskólabörn í skipulögðum heimsóknum	298	160

### Sumarlestur 2012

Að venju stóð Bókasafni Akraness fyrir **Sumarlestri fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára**. Safnið iðaði af lífi allt sumarið og bækurnar bókstaflega rifnar út. Til að geta sinnt eftirspurn lánuðu bókasöfn Grundaskóla og Brekkubæjarskóla vinsælar bækur til bókasafnsins og var mikil ánægja með þá viðbót.

Markmiðið með sumarlestri er að hvetja börn til lesturs, njóta góðra bóka og auka færni sína í lestri milli skólaára.

Börnin skráðu sig til leiks frá 1. júní og lauk lestrinum 10. ágúst. Í ár skráðu sig til leiks 179 (166) börn og þar af voru **138 börn** (125) virk, þ.e. komu reglulega í bókasafnið, völdu sér bækur til að lesa, skráðu lesnar bækur í Lesblaðið sitt og settu miða fyrir hverja lesna bók í bókanetið. Aldrei fyrr hafa svona mörg börn skráð sig í lestrinum. Samvinna við foreldra / forráðamenn er mikilvæg, því fylgjast þarf með að barnið lesi það sem skráð er og að barnið lesi bækur er hæfa lestrarfærni þess.

Börnin lásu **1.593 bækur**, samtals **137.679 blaðsíður**. Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 11 -12 bækur. Þess má geta að 44 börn lásu meira en 1.000 blaðsíður.

Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda, en skipting milli kynja var á þessa leið:

Stúlkur	Drengir
104 (90)	34 (35)

Flest börnin eru úr Brekkubæjarskóla og Grundarskóla en einnig eru þó nokkur úr Heiðarskóla eða gestkomandi í bænum. Aldurskipting var sem hér segir:

5 ára - 1 barn	9 ára – 30 börn
6 ára – 8 börn	10 ára – 24 börn
7 ára – 22 börn	11 ára – 26 börn
8 ára – 20 börn	12 ára – 7 börn



Sumarlestrinum lauk með *Húllumhæ hátíð*, miðvikudaginn 15. ágúst, þar sem farið var í ratleik og síðan boðið upp á veitingar. *Gaman saman* samdi ratleikinn að þessu sinni. Góð mæting var á lokahátíðina, eða um 45 börn. Verðlaun voru veitt nokkrum þátttakendum í sumarlestrinum, dregið var úr " bókanetinu " nöfn fjögurra heppinna þátttakenda. Styrktaraðilar, Verlsunin Ozone, Nína og Penninn gáfu vinninga. Þær heppnu voru: Paula Gaciarska, Miriam Arna Daníelsdóttir Glad, Gyða Alexandersdóttir og Antonía Líf Sveinsdóttir.

Þetta var í sjöunda sinn sem Bókasafnið stóð fyrir **Sumarlestri**.

Sumarlestur – virkir þáttakendur – til samanburðar eru tölur frá 2011					
Fjöldi barna	Stúlkur	Drengir	Lesnar bækur	Fjöldi blaðsíðna	Lesnar bls. pr. barn
138 (125)	104 (90)	34 (35)	1.593 (1.528)	137.679 (101.218)	997,6 (809,7)

### Bókaverðlaun barnanna

Lesendur á aldrinum 6-12 ára geta valið bestu barnabókina sem kom út árið áður, frumsamda á íslensku og þýdda. Hver lesandi má velja 1- 3 bækur. Verkefnið er samvinnuverkefni almenningsbókasafna á landinu, undir stjórn Borgarbókasafns Reykjavíkur. Á Akranesi tóku um 250 krakkar þátt í valinu og þakkar bókasafnið þeim fyrir þátttökuna. Fjórir heppnir þátttakendur hlutu bókaverðlaun: Frá Brekkubæjarskóla: Gunnar Davíð Einarsson 4. SK og Jón Ingi Einarsson 5.LS Frá Grundaskóla: Ólöf Gunnarsdóttir 6. UÁ og Hulda Sigríður Höskuldsdóttir 6. UÁ

Úrslitin á landsvísu voru kunngerð á Sumardaginn fyrsta í Borgarbókasafni: Skemmtibók Sveppa eftir Sverrir Þór Sverrisson ( besta frumsamda bókin). Dagbók Kidda klaufa: ekki í herinn! eftir Jeff Kinney í þýðingu Helga Jónssonar (besta þýdda bókin).



### Öskudagurinn

Á öskudaginn kom fjöldi þrúðbúinna barna og söng fyrir starfsfólk . Allir sönghópar voru myndaðir og myndirnar unnar og settar á vef Ljósmyndasafnsins. Ljósmyndasafnið sá um verkefnið en um 100 hópar voru myndaðir.

**Koffort – farandbókasafn í leikskólann.** Í ársbyrjun hófst verkefni sem miðar að því að færa bækur nær yngstu lesendum og foreldrum þeirra. Bækur eru settar í gamla skipakassa, um 50 bækur í koffortið og þeim komið fyrir á leikskólum bæjarins. Bækurnar eru eingöngu ætlaðar börnunum til að hafa með sér heim, lán og skil í koffortið. Verkefnið hófst í Leikskólanum Akrasel , en síðan hafa allir leikskólarnir tekið þátt í verkefninu. Markmiðið er að hvetja foreldra til að lesa fyrir börnin sín og í framhaldi af kynningunni að koma í bókasafnið reglulega og fá lánaðar bækur. 940 bækur voru lánaðar út með þessum hætti . Verkefnið er unnið í samvinnu við leikskólana.

Á írskum dögum kom Sögubíllinn Æringi í heimsókn og sögukonan Sóla sagði sögur. Allir fengu að skoða undraheim bílsins í lokin.





### Viðburðir og sýningar

**Janúar:** Úr fórum Héraðsskjalasafnsins, *Fyrsti fundur bæjarstjórnar 26. janúar 1942.*

**Febrúar:** Tvö ný verk í eigu Listasafns Akraneskaupstaðar kynnt, eftir *Sossu og Önnu Leif*

**Mars:** Héraðsskjalasafnið sýndi göng úr *skjalasafni Bíóhallarinnar*, en þetta merka menningarhús Akurnesinga fagnar 70 ára afmæli. Tilefni sýningarinnar er 70 ára afmæli kaupstaðarréttinda Akraness

**Apríl:** *Bókasafnsdagurinn* var haldinn hátíðlegur þann 17. apríl. Markmið með deginum er að vekja athygli á því góða starfi sem fer fram í bókasöfnum. Að þessu sinni voru kynntar **100 bestu barna- og unglingabækurnar** - að álitni starfsfólks almenningsbókasafna.

**Apríl:** Sýningin *List án landamæra*. List án landamæra er árleg listahátíð með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins og er hún haldin víða um land. Allir sem vilja geta tekið þátt en á hátíðinni vinnur listafólk saman að allskonar list með fjölbreyttri útkomu. Eitt helsta leiðarljós hátíðarinnar er að stuðla að auðugra samfélagi og auknum skilningi manna á milli. Eftirtaldir aðilar tóku þátt í sýningunni: Myndlistarskólinn á Akranesi, Smári Jónsson listmálari, þátttakendur á námskeiðum hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, verkefnið Gaman saman, Endurhæfingarsíðið Hver, Fjöliðjan og nemendur Fjölbrotaskóla Vesturlands. Auk sýningar var Frístundaklúbburinn með þátttökulist á Bókasafninu, þ.e. gestir tóku þátt í að skapa listaverk.

**Apríl:** *Falinn fjársjóður*. Listaverkasýningar eftir erlenda innflytjendur á Vesturlandi. Sýningin var í „BT“ rýminu að Dalbraut 1 og var á vegum Félags nýrra Íslendinga, Áttagastofu Snæfellsbæjar og Bókasafns Akraness. Verkefnið var stykt af Menningarráði Vesturlands.

**NPA miðstöðin** kynnti **notendastýrða persónulega aðstoð** og hugmyndafræði fatlaðs fólks um sjálfstætt líf sem liggur henni til grundvallar. Kynningin var 26. apríl í Svöfusal.

**Apríl - maí:** *Fossarnir í Berjadalsá*, ljósmyndasýning Svavars Sigurðssonar og Helga Daníelssonar. Mjög góð aðsókn var að sýningunni, sem var að lokum sett upp á Höfða. Ljósmyndasýningin tengdist örnefnum í Akrafjalli.

**Júní:** Sýning á *frummyndum úr barnabókum*, sem **Erla Sigurðardóttir myndlistarmaður** hefur unnið.

**Júlí:** Safnarasýning – Maríuhænur í eigu Ástu Björnsdóttur.

**Júlí – ágúst:** *Þetta vilja börnin sjá!* sýning á myndskreytingum í íslenskum barnabókum frá árinu 2011. Farandsýning frá Gerðubergi. Þátttakendur keppa jafnframt um íslensku myndskreytiverðlaunin sem kennd eru við *Dimmalimm*. Kristín Ragna Gunnarsdóttir hlaut Dimmalimm – íslensku myndskreytiverðlaunin 2011 fyrir myndlýsingar í bókinni Hávamál sem Þórarinn Eldjárn endurorti.

**Ágúst- september:** *Gestir Akrafjalls*. Héraðsskjalasafnið sýndi gestabækur sem göngufólk á Akrafjall hefur getað skrifað nöfn sín í frá árinu 1997.

Gestabækurnar voru framtak Jóns Péturssonar, en í janúar 1997 fór hann ásamt félögum sínum á Háahnúk með gestabók og járnkassa sem þeir komu fyrir á Hnúknum og sá hann um að endurnýja bækurnar allt til ársins 2010. Sýningin var mjög vel sótt og lauk í nóvember.

**September:** Listasafn Akraneskaupstaðar sýndi ný verk í eigu safnsins eftir **Georg Douglas**, "Írskur pilsabytur" og hins vegar lágmynd eftir **Kolbrúnu S. Kjarval**, "Fuglabjargið".

**Október:** Vökudagar stóðu yfir frá 25. október til 4. nóvember, menningarhátíð Skagamanna. Bjarni Þór Bjarnason sýndi myndir úr barnabókum, er hann hefur teiknað / málað og unnið í samvinnu við skagaskáldin Hallberu F. Jóhannesdóttur og Ásthildi Snorradóttur. Sýningin nefndist **Barnabækur** og í tengslum við sýninguna var upplestur og bókmenntaganga.

Bókasafnið stóð fyrir bókmenntadagskrá í samvinnu við Hallgrím Helgason rithöfund, þriðjudaginn 30. október kl. 20. Dagskráin, **Kona fer undir vatn** fjallaði um rithöfundinn Guðrúnu frá Lundi. Bækur hennar Dalalíf sem komu út í 5 bindum eru með vinsælustu bóka á safninu. Dagskráin var styrkt af Menningarráði Vesturlands. Mjög góða aðsókn var að viðburðum bókasafnsins á Vökudögum.

**Nóvember:** Bókmenntadagskrá: Svavar Gestsson og Úlfar Þormóðsson lásu úr nýútkomnum bókum sínum, þann 23. nóvember.

**Norræn bókasafnavika.** 12. nóvember – 17. nóvember Þema vikunnar - **Margbreytileiki á Norðurlöndunum.**

Mánudaginn 12. nóvember kl. 17:45 – 19:00 var dagskrá á vegum bókasafnsins og Norræna félagsins á Akranesi. Í upphafi var Tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum á Akranesi. Þá var upplestur, Þórður Guðjónsson framkvæmdastjóri KFÍA las úr bókinn “Ég er Zlatan Ibrahimovic,” eftir David Lagercrantz. Í lokin var frásögn og myndasýning fjögurra ungmenna frá Akranesi er fóru á ungmennamót í Västervik í Svíþjóð haustið 2012.



**Dagur íslenskrar tungu** 16. nóvember. Yngri hópur Skólakórs Grundaskóla söng nokkur lög, stjórnandi Valgerður Jónsdóttir.

**Desember:** Jólasýning skjalasafns var jólakortasýning. Sýnd kort úr einkaskjalasafni **Jóhönnu Þorgeirsdóttur.**

**Desember:** Þann 11. desember s.l. lásu nokkur Skagaskáld úr nýútkomnum bókum sínum. Bjarni Gunnarsson las úr ljóðabókinni **Bíldshöfði**, Bragi Þórðarson las úr ævisögunni **Fréttaritarinn Oddur**, Kristín Steinsdóttir las úr skáldsögunni **Bjarna-Dísa** og Sigurbjörg Þrastardóttir las úr skáldsögunni **Stekk.**

**Bréf til bjargar lífi.** Bókasafnið hýsti að venju Bréfamaraþon Amnesty International dagana 6. - 15. desember. Góð þátttaka.

**Gestafjöldi:** Gestakomur eru taldar á laugardögum og komu í janúar -apríl að meðaltali 36 gestir á laugardegi. Í október – desember komu 38 gestir að meðaltali á laugardögum í safnið. Við opnun sýningarinnar „List án landamæra“ 21. apríl komu 114 gestir í safnið. Á Vökudögum var sýning og upplestur í safninu laugardaginn 27. október og komu 50 gestir. Á Vökudögum komu um 80 gestir á viðburðinn **Kona fer undir vatn**. Á dagskrá í Norrænni bókasafnaviku komu 40 manns á upphafs dagskrá en á tónlistarviðburð á Degi íslenskrar tungu komu um 150 manns.

### Annað:

**Akraneskaupstaður fagnaði 70 ára** afmæli kaupstaðarréttinda á árinu og af því tilefni leitaði Bókasafn Akraness leiða að hrinda í framkvæmd starfrænni afritun *tímaritsins Akranes*, sem kom út á árunum 1942-1959. 70 ár eru síðan þetta merka tímarit kom út. Saga kaupstaðarins er skráð í tímaritinu Akraness, þannig að þetta var brýnt menningarsögulega verkefni fyrir Akurnesinga. Starfsfólk bókasafnsins hefur oft fundið fyrir því hve slæmt það er að hafa ekki góðan leitaraðgang að tímaritinu. Leitað var til nokkurra fyrirtækja og einstaklinga að styrkja verkefnið og gekk það vel. Skönnunin var unnin á Landsbókasafni – Háskólabókasafni og tímaritið nú aðgengilegt á [www.timarit.is](http://www.timarit.is)

Í tilefni af 70 ára afmæli Akraneskaupstaðar færði bókaforlagið Uppheimar bókasafninu veglega bókaþjóf. Þessi gjöf var einkar kærkomin, því bækur Uppheima eru sérlega vinsælar hjá lánþegum safnsins. Starfsfólk safnsins var beðið um að velja bækurnar, um 70 talsins. Kristján Kristjánsson, einn útgefanda tengist bókasafninu og skjalasafninu tryggum böndum, en hann er fyrrum héraðsskjalavörður í Héraðsskjalasafni Akraness. Það var Margrét Þorvaldsdóttir eiginkona Kristjáns sem afhenti gjöfina.

Sigríður Árnadóttir fyrrverandi bæjarbókavörður Bókasafns Akraness er lést þann 14. desember 2012, á áttugasta og fjórða aldursári. Sigríður var fædd á Akranesi 8. mars 1929. Foreldrar hennar voru Margrét Pétursdóttir, f. 21. janúar 1902, d. 31. maí 1999, saumakona og verkakona, og Árni Guðmundsson, f. 1899, d. 29. júní 1932, sjómaður, en hann lést úr berklum þegar Sigga var aðeins þriggja ára gömul. Sigríður giftist 21. okt. 1950 Braga Níelssyni lækni, f. 16. febrúar 1926. Þau eignuðust fjögur börn.

Sigríður var góður námsmaður, var efst í barna- og gagnfræðaskóla á Akranesi. Þá fór hún í Menntaskólann á Akureyri og var þar í efstu röð nemenda. Hún brautskráðist frá MA 1949 og var ein af fyrstu kvenstúdentum frá Akranesi. Hún útskrifaðist frá Háskóla Íslands með BA próf í bókasafns- og upplýsingafræði í febrúar 1980 og hóf þá störf við bókasafnið þar sem hún vann allt til ársloka 1998. Sigríður var bæjarbókavörður frá árinu 1980 til ársloka 1997.

### Fjárhagsáætlun 2012 - Niðurstöður ársreikninga

Bókasafn og Héraðsskjalasafn/Ljósmyndasafn Akraness eru rekin sem ein rekstrareining, með sameiginlega fjárhagsáætlun, en sjálfstæð verkefni. Áætlun skipting milli stofnana er 80/20. Sjá einnig Ársskýrslu Héraðsskjalasafns Akraness, árið 2012.

#### Tekjur:

**Rekstrartekjur:** 6.246.636 (4.417.240)

#### Gjöld:

**Laun og launatengd gjöld:** 39.411.122 (35.033.167)

**Innri leiga:** 38.573.000 (38.247.369)

**Bækur, tímrít, dvd, cd:** 4.914.682 (4.461.884)

**Annar kostnaður:** 10.888.877 (5.630.580)

**Rekstrarniðurstaða:** 87.541.045 (78.955.760)


19. mars 2013 / Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður / starfsfólk bókasafnsins.

Sjá einnig á bls. 12 og 13 - **Nokkrar tölfræðiskýrslur úr starfsemi bókasafnsins árið 2012.**

Nokkrar **tölfræðiskýrslur** úr starfsemi bókasafnsins árið 2012. Unnið úr skýrslum frá Landskerfi bókasafna.


### Útlán og endurlán eftir lánþegategund:

Konur fá að láni 78 % af útlánuðu safnefni. Konur eru 68% lánþega safnsins og bera því upp starfsemi bókasafnsins. En hugsnalega taka þær bækur fyrir fjölskylduna, að einhverju leyti og á það einnig við um karlana.



### Útlán og endurlán eftir klukkustund árið 2012:

Þessi tafla sýnir að mest er lánað út og skilað milli kl. 16-18 (34%), en frá kl 14-16 er einnig mikil lán og skil.




### Eintakafjöldi eftir útgáfuári í árslok 2012

1555-99	5
1600-99	36
1700-99	432
1800-99	3.267
1900-99	58.649
2000-	17.116
<b>Samtals:</b>	<b>79.505</b>

Safnkostur er fjölbreyttur og mikill. Elstu bækur safnsins eru frá 16. öld.

### Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða:

Þessi tafla sýnir m.a. að helmingur endurlána sjá lánþegar um sjálfir á vefnum (Endurnýjað lán www 3% =3.333), en endurnýjað lán (PC, þ.e í afgreiðslu bókasafnsins =3.855) eru einnig 3%. Frátektaþeigðni var 1% af útlánaaðgerðum og eru svo till allar framkvæmdar í afgreiðslu bókasafnsins. Fjöldi aðgerða var 120.465



**Lánþegafjöldi:** Konur eru 68% af lánþegum safnsins. Elsti lánþegi er fæddur á öðrum tug síðustu aldar. Fjölmenntasti hópurinn er fæddur áratuginn 2000-2009. Á töflunni má sjá að börn eru stór hópur lánþegar í safninu.

### Lánþegafjöldi eftir fæðingarárátug í árslok 2012

	kk	kv
1910-1919	1	0
1920-1929	6	15
1930-1939	40	79
1940-1949	46	106
1950-1959	43	158
1960-1969	64	144
1970-1979	45	193
1980-1989	41	132
1990-1999	121	168
2000-2009	130	195
2010-20194	4	4
	541	1.194
<b>AKRAV samtals 1.735</b>		

Akranesi, 19. mars 2013, Halldóra Jónsdóttir